

Grasaferð

Ferðanefnd Bjarma auglýsir hér með grasaferð suður í Tungu í Hjaltadal fimmtudaginn 7. ágúst. Þangað er ekki fólksbílafært en farið verður á einkabílum. Þeir sem ekki hafa far hafi samband við undirritaðar. Við munum koma saman við Illugastaði kl 13:30. Tilvalið að grípa með nesti.



Birna sími 8483547 og Sigrún sími 8991010

Stórmót Þjálfarinn á Einarstöðum verður haldið helgina 9. – 10. ágúst



Keppt verður í eftirfarandi greinum: A-flokki, B-flokki, Tölti, Skeiði og einnig í barna-, unglunga-, ungmenna- og öldungaflokki.

Miðaverð fyrir báða dagana er aðeins kr. 3000.- fyrir fullorðna en frítt fyrir börn undir 14 ára og (h)eldri borgara

67 ára og eldri. Þeir sem kjósa að koma einungis á sunnudeginum greiða kr. 1500.-

Hægt verður að fylgjast með dagskrá og ráslitum á heimasíðu félagsins: www.thjalfi.123.is

Við skráningu þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram: Keppnisgrein, nafn knapa og hests, litur, aldur, faðir og móðir hests og eigandi. Skráningar skulu sendast á netfangið:

hannajohannesd@gmail.com

Ekki verður tekið á móti skráningum eftir kl 20:00 miðvikudaginn 6. ágúst.

**Skráningargjald í tölt er kr. 2500.- og í skeið kr. 1000.-
Hlökkum til að sjá ykkur-**

Nefndin



Kaffihlaðborð, útimarkaður og myndlist í Kiðagili

Þjóðlegt kaffihlaðborð verður sunnudaginn 3. ágúst milli klukkan 14:00 og 17:00. Þar verður boðið upp á lummur, pönnukökur, soðið brauð með hangikjöti og margt fleira. Einnig mun starfsfólk klæðast íslenska þjóðbúningnum.

Sunnudaginn 10. ágúst verður útimarkaður í Kiðagili ásamt glæsilegu kaffihlaðborði.

ATH síðasta hlaðborð sumarsins.

Nú stendur yfir myndlistarsýning Friðriku Sigurgeirsdóttur frá Bjarnarstöðum. Allir Velkomnir



Laus starf hjá Þingeyjarsveit

Laust er til umsóknar starf í íþróttahúsinu á Laugum, um er að ræða

44% stöðu við húsvörslu, þrif og gæslu í húsinu frá kl. 7:30 til 11:00 alla virka daga yfir vetrarmánuðina. Réttindi sundlaugavarðar skilyrði, hæfnispróf sundstaða og námskeið í skyndihjálpi. Umsóknnum skal skilað á skrifstofu Þingeyjarsveitar eða á netfangið dagbjort@thingeyjarsveit.is fyrir **10. ágúst n.k.**

Sveitarstjóri

Fornir fimmtudagar – Bakki á Tjörnesi



Fimmtudaginn 31. júlí klukkan 20:00 tekur Oddgeir Isaksen fornleifafræðingur á móti áhugafólki um fornminjar og segir frá uppgreftri á Bakka á Tjörnesi. Mæting er við fjárréttina á Bakka. Nánari upplýsingar er að finna á vef Hins Þingeyska fornleifafélags, www.fornleifafelag.is

Hið Þingeyska fornleifafélag.



Lokað vegna sumarleyfa

Skrifstofa Þingeyjarsveitar verður lokað vikuna eftir verslunarmannahelgi, dagana 4. til 8. ágúst n.k. vegna sumarleyfa starfsfólks.

Hægt verður að hafa samband í síma: 862 0025 (Dagbjört) ef nauðsyn krefur.

Starfsfólk skrifstofu Þingeyjarsveitar

Goðafossmarkaður EHF

Handverkskonur milli heiða.

Vörumóttaka

ATH Konur!

Það vantar fullorðinspeysur, medium og small, gjarnan bláar og gráar, allar opnar peysur og hettupeysur.

Barnapeysur 0- 5 ára

Þriðjudaginn 12. ágúst nk. kl. 18:00- 22:00.

G.V. nefndin.



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00

Sundlaug - tjaldstæði – gisting
Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn

Fjölbreyttar veitingar

sími 464 3903

www.heidarbaer.is

Seljum Veiðikortið og Útilegukortið

30.tbl.

31. júlí

2014

21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Sumartónleikar við Mývatn 2014 - Lokahelgi.

2. ágúst - laugardagur kl. 21.00 Reykjahliðarkirkja

3. ágúst - sunnudagur kl. 14.00 Kirkjan í Dimmubor gum
Helgistund og tónlist. Prestur sr. Þorgrímur Danielsson.

3. ágúst - sunnudagur kl. 21.00 Skútustaðakirkja

Flytjendur: Guðrún S. Birgisdóttir, flauta, Martial Nardeau, flauta
Selma Guðmundsdóttir, píanó/orgel

Á efnisskrá eru glæsileg verk s.s. Rigoletto fantasía eftir Doppler í bland við hugljúf lög s.s. Söng Sólveigar og Á Vængjum söngsins. Einnig hljóma íslensk þjóðlög og útsetningar á sönglögum Sigfúsar Halldórssonar. Flytjendur eru allir vel þekktir tónlistarmenn og er tríóið nýkomið út tónleikaferðum til Kína og Frakklands.

Allir eru hvattir til að njóta hljómfagurrar tónlistar í föggu umhverfi sveitarinnar nú um helgina.

Sumartónleikarnir þakka samstarfsaðilum ómetanlegan stuðning og heimafólki fyrir komuna í sumar.

Stuðningsaðilar 2014:

Tónlistarsjóður Menntamálaráðuneytisins

Sóknarnefnd Skútustaðakirkju

Héraðssjóður Þingeyjarprófastdæmis

Mýflug Air hf

Sparisjóður S-Þingeyinga

Hótel Laxá

Vogafjós Café

Sóknarnefnd Reykjahliðarkirkju

Skútustaðahreppur

Hótel Reynihlið

Eldá ehf

Sel Hótel Mývatn

Vogar ferðaþjónusta

Jarðböðin við Mývatn

Listrænn stjórnandi: Margrét Bóasdóttir.